

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Áfrýjunarleyfi	1 500
2. Nóvaleyfi	1 500
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	900
4. Lögskilnaðarleyfi	1 500
5. Ættleiðingarleyfi	1 500
6. Leyfisbréf til heilidsölu	70 200
7. Leyfisbréf til umboðssölu, verðbréfamiðlunar eða fyrir verðbréfasjóð ..	35 100
8. Leyfisbréf til smásölu	16 900
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	14 300
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	1 500
11. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	19 500
12. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	9 800
13. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislupjón- ustuleyfi, veitingaverslunarleyfi	6 800
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11. — 13. tl.	1 500
15. Leyfi til tækifærisveitinga	1 500
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	
a. til eins árs eða skemur	18 200
b. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	31 200
c. til lengri tíma en tveggja ára	61 100
17. Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	1 500
18. Almenn tækifærisveitingar	
a. til eins árs eða skemur	50 000
b. til lengri tíma en eins árs	180 000
19. Iðju- og iðnaðarleyfi	9 800
20. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	14 300
21. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	4 000
22. Leyfi til að stunda almennar lækningar	4 000
23. Leyfi til að stunda sér lækningar	14 300
24. Leyfi til að stunda tannlækningar	4 000
25. Sérfræðileyfi til tannlækninga	14 300
26. Leyfi til fasteignasölu	31 200
27. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	2 200
28. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	900
29. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	2 200
30. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	1 000
31. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	14 300
32. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heilidsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	4 700
33. Endurnýjun á söluleyfi skv. 31. tl.	1 100
34. Tímabandið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	2 900

	kr.
35. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	900
36. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	1 900
37. Leyfi til þorskfisknetaveiða	5 400
38. Leyfi til dragnótaveiða	5 400
39. Leyfi til humarveiða	5 400
40. Leyfi til rækjuveiða innan fjarða	5 400
41. Leyfi til úthafs rækjuveiða	5 400
42. Leyfi til skelveiða	5 400
43. Leyfi til loðnuveiða	5 400
44. Leyfi til síldveiða:	
a. Í hringnót	5 400
b. Í reknet	5 400
c. Í lagnet	1 800
45. Leyfi til botnfiskveiða	5 400
46. Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða	5 400
47. Leyfi til hrefnuveiða	5 400
48. Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða	1 800
49. Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu	70 200
50. Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	1 000

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18 — 66 ára)	1 500
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	600
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra (18 — 66 ára)	1 500
4. Ökuskírteini bifreiðastjóra fyrir aðra	600
5. Bráðabirgðaskírteini bifreiðastjóra	600
6. Skírteini til aksturs bifhjóls	1 500
7. Ökuskírteini, alþjóðlegt	900
8. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	900
9. Meistarabréf	4 700
10. Sveinsbréf	1 000
11. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	1 500
12. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	2 200
13. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	2 900
14. Vélstjórnarskírteini, hvert skírteini	2 200
15. Flugnema- og svifflugmannsskírteini	900
16. Einkaflugmannsskírteini	1 500
17. Atvinnuflugmannsskírteini, III fl.	1 500
18. Atvinnuflugmannsskírteini, II fl.	2 900
19. Atvinnuflugmannsskírteini, I fl.	4 300
20. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns- og flugumferðarstjóra-skírteini	2 900
21. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a. staðbundin skírteini	900
b. sveinsskírteini	900
c. meistaraskírteini	1 500

	kr.
22. Naglabyssuskírteini	900
23. Skírteini fyrir suðumenn	900

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags	6 800
2. Skráning útibús	3 500
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	4 600
4. Skráning firma eins manns	2 700
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	4 700
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	800
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	800
8. Afturköllun prókúru	600
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	2 900
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	1 500
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	4 300
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	1 500
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	2 900
14. Skráning bifhjóls, umskráning	1 500
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	1 500
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	1 100
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	1 100
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	1 100
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	1 100
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	1 100
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	1 100
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	1 500
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	1 500
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	5 700
25. Skráning loftfars til einkaflugs	4 300
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	2 200
27. Skráning kaupmála	900

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 180 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 1 150 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 1 580 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 20 kr. af hverri nettórúmllest skipsins. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 20 kr. af hverri nettórúmllest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

	kr.
1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o.fl.)	4 600
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjóra o.fl.)	1 000

Undanþegnin gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

	kr.
1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	600
2. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar	400
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	400
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	100
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	130
6. Fyrir veðbókarvottorð	200
7. Fyrir önnur embættisvottorð	130
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	50

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

	kr.
Fyrir vélritaða síðu (hluti úr síðu telst heil síða)	50
Lægstu ritlaun eru	130

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 20 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79
23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 516/
1986, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

AUGLÝSING

um sameiningu Helgustaðahrepps í Suður-Múlasýslu við Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Helgustaðahrepp í Suður-Múlasýslu og Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Eskifjarðarkaupstaður.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað.
3. Íbúar Helgustaðahrepps og Eskifjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Helgustaðahrepps skulu afhendast Eskifjarðarkaupstað til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Eskifjarðarkaupstað í kosningum þeim sem fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.